

# Landafræði - 7. bekkur

Kennarar: Svava Lárusdóttir

7

## Lýsing

Landafræði - Evrópa

## Tímabil:

Allt skólaárið.

## Fjöldi kennslustunda á viku

Ein kennslustund á viku.

## Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið

Um það bil 32 kennslustundir yfir árið.

## Efni /Þema sem tekið er fyrir.

Umfjöllunarefnið er Evrópa.

Landakort - landslag - loftslag og gróður - búseta - atvinnuhættir - auðlindir og orka - umhverfismál - samgöngur - matur og menning - landssvæði og heimsstyrjaldirnar.

## Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð/færni)

### Kort og myndir

Nemendur:

- kynnist nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúrufars- og mannvistareinkenna.
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða.
- átti sig á að hæðarmun í landslagi má m.a. sýna með hæðarlínum eða landslagsskyggingu.

### Landafræði Evrópu

Nemendur:

- þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast, t.d. áhrif plötuhreyfinga við myndun Alpafjalla og áhrif veðrunar og rofs.
- læri að lýsa megindrattum í loftslagi og gróðurfari allt frá norðurheimskauti að Miðjarðarhafi og áhrifum vinda og

hafstrauma þar á.

- átti sig á margháttaðum menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir, t.d. hvaða viðskiptabandalögum og sérsamningum við eigum aðild að.
- þekki einstök menningarsvæði í Evrópu, t.d. Norðurlönd, Eystrasaltssvæðið og Norður-Evrópu.
- afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum, t.d. með bókum, dagblöðum, tölfræðigögnum, kortum, netinu eða viðtölum.
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri.
- átti sig á hvað hefur áhrif á legu og vöxt einstakra búsetusvæða.
- kynnist hvað vaxandi búseta hefur í för með sér, t.d. hvað ört vaxandi úthverfi við stórborgir þýða fyrir samgöngur og minnkað land fyrir landbúnað og ræktun.
- þekki hvernig atvinnugreinar skiptast í frumvinnslu-, úrvinnslu- og þjónustugreinar.
- kynnist því hvers vegna mismunandi samgöngutæki henta hverju sinni, t.d. kostum og göllum vega, járnbrauta, sjó- og loftleiða eftir því hvað þarf að flytja hverju sinni.
- skilji af hverju tiltekinni starfsemi er valinn staður þar sem hún er, t.d. af hverju stór iðnfyrirtæki eru staðsett í útjaðri borga en ekki í miðbæjum.
- þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast,
- læri að gera greinarmun á því hvaða starfsemi krefst mikils landsvæðis og hvaða lítils landsvæðis, t.d. að akuryrkja, skógrækt og íbúðarsvæði þurfa mikið landrými en skrifstofur, verksmiðjur, spítalar og verslanir þurfa minna landrými.
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk.

## Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

### Reynsluheimur

Nemendur geta:

- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.

### Hugarheimur

Nemendur geta:

- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum.

### Félagsheimur

Nemendur geta:

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

## Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Nemendur tileinka sér vönduð vinnubrögð og vinnusemi í kennslustundum.

## Kennsluaðferðir

Umræðu og spurnaraðferðir - Kann, vil vita, hef lært - Hópavinna - Vinnubókarvinna.

## Námsmat

Hlutfall sjálfsmats: 5%

Hlutfall verkefnaskila: 30%

Hlutfall símats kennara: 25%

Verkefnamappa og/eða vinnubækur: 40%

## Læsi

Fjölbreyttar lestraraðferðir nýttar, t.d. paralestur.

## Sköpun

Nemendur útbúa landakort af Evrópu.

## Lýðræði - Mannréttindi

Nemendur fræðast um stjórnarfar í Evrópu.

## Jafnrétti

Nemendur fræðast um stöðu jafnréttismála í Evrópulöndunum.

## Heilbrigði og velferð

Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi.

## Sjálfbærni

Nemendur fræðast um náttúruauðlindir Evrópu.

## Tjáning

Nemendur undirbúa kynningu um Evrópu sem verður flutt á sal eða haldin verður foreldrakynning.

## Hlustun

Nemendur hlusta á hljóðefni sem tengist námsefninu.

## Miðlun upplýsinga og þekkingar

Nemendur tjá þekkingu sína og viðhorf með kynningu á sal eða foreldrakynningu.

## Skapandi úrvinnsla

Nemendur fá frjálssar hendur um kynningu og framsetningu á henni.

## Gagnrýnin hugsun

Umræða um málefni Evrópulandanna.

## Sjálfstæði

Nemendur vinna sjálfstætt í vinnubókum.

## Samvinna

Nemendur vinna skilaverkefni sameiginlega.

## Nýting miðla og upplýsinga

Vefmiðlar Evrópulandanna nýttir til hlustunar og áhorfs. Einnig vefur Menntamálastofnunar.

## Ábyrgð á eigin námi

Nemendur halda utan um eigin vinnu og fylgja áætlunum.

## Seigla/ úthald

Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi.

## Mat á eigin námi

Sjálfsmat.